

**Mál nr. 430/2025**

**Nafn málskotsaðila (M)**

**Nafn varnaraðila (V)**

**Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging landbúnaðartryggingar.**

**Skráningarnúmer ökutækis (A)**

### **Skaðabótaábyrgð. Sönnun.**

#### **Gögn.**

1. Málskot dags. 17. nóvember 2025.
2. Athugasemdir V, dags. 27. janúar 2026, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 2. febrúar 2026.

#### **Málsatvik.**

Fram kemur í fyrirliggjandi lögregluskýrslu að bifreiðin A hafi hinn 8. október 2025, ekið á hóp geita á Hegranesvegi í Skagafirði. M hafi numið staðar til að athuga með geiturnar en ekki fundið þær þar sem komið var myrkur. Ökumaður A kveðst hafa haft samband við son eiganda geitanna til að tilkynna þeim um óhappið. Lögregla hafði samband við eiganda, þ.e. M, sem kvað geiturnar hafa verið laskaðar eftir óhappið en lifandi. Vegna tjóns sem varð á bifreiðinni A, var gerð krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar M hjá V. Af hálfu V var bótaskylda samþykkt. M er ekki sátt við þá afstöðu V. Lausaganga búfjár sé ekki bönnuð í sveitarfélaginu og sé það því undarlegt að eiganda dýranna sé gert að greiða fyrir tjónið, auk þess sem ökumaður A hafi sagt á tjónsdegi að geiturnar væru dauðar. Fyrirsvarsmenn M hafi farið strax á staðinn og þá hafi enginn verið á staðnum, geiturnar tvær hafi verið lifandi en slasaðar og engin merki hafi verið um að eitthvað hefði brotnað af bílnum. Ökumaður A hafi ekki haft samband við lögreglu fyrr en tveimur dögum eftir atvikið og því liggi ekki fyrir sönnun um tímasetningu eða hvort M hafi í raun ekið A umrætt sinn. Telur M ekki rétt að hægt sé að sækja bætur úr tryggingunni án frekari sönnunargagna.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að ökumaður A hafi sent tjonstilkynningu til félagsins þann 15. október 2025 þar sem fram komi að bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni á vinstra framhorni. Í málinu liggi fyrir myndir af A þar sem sjá megi skemmdir á vinstra framhorni bifreiðarinnar. Á tjónsstað sé girt báðum megin vegar og sé ristarhlið á heimreiðarveginum. Í samskiptum V við M hafi komið fram að M væri með tún og beit beggja vegna vegar en ekki með skepnur vestan við veginn, en geiturnar fari þangað, og séu girðingar þar með minna viðhald og hlið alltaf opin. Geiturnar eiga að vera austan megin við veginn en þær væru „ekkert sérstaklega að virða girðingar“. Jafnframt kom fram að geiturnar væru á flandri fjóra mánuði á ári þ.e. frá júlí fram í miðjan október. Í ljósi þessa telur V að tjónið á A sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu M. Vissulega gæti ákveðins ósamræmis í lýsingum hvort geitur hafi drepist. En það hafi ekki áhrif á sönnunarmat og telst atvikið sem slíkt sannað. Ekkert óeðlilegt sé við það að ekkert brak hafi verið úr bifreiðinni á vettvangi miðað við skemmdir á henni og kveðst eigandi A hafa hreinsað það upp. Í 2. mgr. 33. gr. lögreglusamþykktar nr. 555/2019 segi að um bann við lausagöngu búfjár og undanþágur frá því fari samkvæmt vegalögum, lögum um búfjánhald og samþykktum um búfjánhald í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Sveitarfélagið Skagafjörður hafi sett samþykktir nr. 1666/2023 um búfjánhald í þéttbýli en þær taka ekki til þess staðs sem atvikið gerist á sbr. kort af þeim þéttbýlisstöðum sem samþykktin tekur til. Þrátt fyrir framangreint sé á slysstað girt báðum megin vegar og lokað fyrir ágangi búfjár með ristarhliði. Lausaganga búfjár sé því bönnuð á veginum samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007. Í ljósi lýsinga M um lausagöngu geitanna og banni við lausagöngu búfjár á veginum hafi það verið mat V að með því að tryggja ekki vörslur geitanna betur en raun bar vitni, hafi M sýnt af sér gáleysi og beri því ábyrgð á tjóni á bifreiðinni A.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að engin sönnun liggi fyrir frá viðkomandi ökumanni þar sem hann beið ekki eftir að eigendur kæmu á vettvang eftir atvikið. Ökumaður hafi fullyrt í tilkynningu að skepnurnar hafi drepist, en dauðar skepnur hlaupi ekki. Eigendur M hafi fundið geiturnar strax þegar þau vitjuðu þeirra um það bil fimm mínútum eftir símtal frá syni þeirra. Hvenær hafi atvikið orðið fyrst ökumaður var farinn af vettvangi. Vissulega séu skemmdir á vinstra framhorni A en það liggi engin sönnun fyrir að það hafi komið til í þessu tjóni. Ítrekar M fyrri athugasemdir sínar.

**Álit.**

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort tjón sem varð á bifreiðinni A hinn 8. október 2025 við árekstur við geitur sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar M hjá V. Fyrir liggur að bifreið A ók á hóp geita á Hegranesvegi í Skagafirði. Ökumaður A hafði samband við son M strax í kjölfar atviksins og tilkynnti um óhappið. M viðurkennir í málskoti að tvær geitur hafi verið slasaðar eftir atvikið og að þær hafi verið á flandri á svæðinu. Í málinu liggja fyrir myndir af skemmdum á vinstra framhorni bifreiðarinnar A. Þótt ósamræmi sé í frásögnum um hvort geitur hafi drepist eða ekki verður ekki talið að það hafi úrslitabýðingu við mat á því hvort árekstur hafi átt sér stað. M hefur staðfest að geiturnar hafi verið slasaðar í kjölfar atviksins. Að mati nefndarinnar telst atvikið nægjanlega sannað með hliðsjón af framangreindu, þ.m.t. símtali ökumanns, staðfestingu M um laskaðar geitur og fyrirbyggjandi myndum af tjóni á bifreiðinni.

Samkvæmt 50. gr. vegalaga nr. 80/2007 er lausaganga búfjár á stofn- og tengivegum þar sem girt er báðum megin vegar og lokað fyrir ágangi búfjár, t.d. með ristarhliði, bönnuð. Af gögnum málsins verður ráðið að á slysstað hafi verið girt báðum megin vegar og ristarhlið á heimreiðarvegi. Þótt almennt bann við lausagöngu búfjár sé ekki í gildi í sveitarfélaginu breytir það ekki þeirri sérstöku reglu sem gildir um slíka vegi samkvæmt vegalögum. M hefur upplýst að geiturnar hafi verið á flandri fjóra mánuði á ári og að þær virði girðingar ekki sérstaklega. Með hliðsjón af því og banni við lausagöngu búfjár á viðkomandi vegi verður að telja að M hafi ekki gætt nægjanlegra vörsluskyldna gagnvart búfé sínu. Það telst gáleysi í skilningi skaðabótaréttar. Með vísan til framangreinds er það mat nefndarinnar að tjón á bifreiðinni A sé bótaskyld úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

**Niðurstaða.**

Tjón á bifreiðinni A er bótaskyld úr ábyrgðartryggingu landbúnaðartryggingar M hjá V.

Reykjavík, 17. febrúar 2026.

rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir